

Eintak án trúnaðar

Ákvörðun nr. 30/2024
Þriðjudagurinn 10. desember 2024

Samruni Eignarhaldsfélagsins Hornsteins ehf., M og S ehf. og HSTN ehf. (Möl og sandur)

- Pann 4. apríl 2024 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna HSTN ehf. (hér eftir „HSTN“) og MS ehf. (hér eftir „MSN“). Með tölvupósti þann 10. apríl 2024 var samrunaaðilum gerð grein fyrir því að samrunatilkynning væri ekki fullnægjandi. Þann sama dag var gerð bragarbót á samrunatilkynningu, og var samrunaaðilum þá tilkynnt um að hún væri fullnægjandi og að síðasti dagur á fyrsta fasa væri 21. maí 2024, sbr. 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020.
- Þá skal tekið fram að málsmeðferðinni lauk þann 21. maí 2024 með tilkynningu til samrunaaðila um að Samkeppniseftirlitið myndi ekki aðhafast vegna samrunans né rannsaka hann frekar. Birting þessarar ákvörðunar hefur tafist vegna anna í öðrum samruna- og samkeppnismálum.
- HSTN er dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Hornsteins ehf. (hér eftir „Hornsteinn“), en það á dótturfélögin og fyrirtækin BM Vallá, Björgun og Sementsverksmiðjuna sem starfa samkvæmt samrunaaðilum við öflun hráefna, framleiðslu, sölu og þjónustu á byggingamarkaði og við mannvirkjagerð á Íslandi. Hornsteinn er í meirihluta eigu Heidelberg Materials Iceland ehf., en það félag er í eigu Heidelberg Materials Northern Europe sem starfa á svipuðum grundvelli á viðlíka mörkuðum á Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum.
- MSN er dótturfélag M og S ehf., sem oft gengur undir nafninu Möl og sandur. Möl og sandur er framleiðandi steypu og forsteyptra eininga á Akureyri, auk þess að vera með verslun með múrvörur og aðrar tengdar vörur (hér eftir sameiginlega „Möl og sandur“).
- Samrunanum var lýst af hálfu samrunaaðila sem sameiginlegu verkefni þar sem hið nýstofnaða félag, HSTN, []¹. Í ljósi þess að tiltekin starfsemi, sem tilheyrði eigendum Möl og Sandar, myndi færast til HSTN og aðkomu Hornsteins í formi fjárfestingar og eignarhalds á HSTN, var tilkynnt um samrunann á grundvelli c. liðar 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, þar sem breyting varð á yferráðum hluta rekstrar Malar og sands.
- Eins og viðskiptin blasa við Samkeppniseftirlitinu er um að ræða samruna milli Hornsteins og Malar og sands að því leyti til að Hornsteinn kemur með fjármagn í formi hlutafjár í HSTN en Mölur og sandur með []² ásamt tilteknu hluthafasamkomulagi sem veitir báðum aðilum ákveðin réttindi. Virðist því ekki um að ræða eiginlegt sameiginlegt verkefni (e. joint venture), heldur fremur breyting á yferráðum á starfsemi sem var áður í höndum Malar og sands, og breytingin felst í sameiginlegum yferráðum framangreindra félaga yfir HSTN. Er því um samruna að ræða í skilningi samkeppnislaga.

¹ Trúnaðarupplýsingar.

² Trúnaðarupplýsingar.



7. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkeppniseftirlitið hefur áður skilgreint þá markaði sem aðilar starfa á. Þannig hefur mörkuðum verið í grunninn verið skipt í tvennt; annars vegar markaður fyrir efnissölu og hins vegar markaður fyrir framleiðslu.³ Markaður fyrir efnissölu samanstendur af landnánum og efnisnámi úr hafi annars vegar og innflutningi og heildsölu á sementi hins vegar. Markaður fyrir framleiðslu má skipta að meginstefnu til (i) steypuframleiðslu, (ii) helluframleiðslu og (iii) framleiðslu á forsteyptum einingum. Landfræðilega má segja að markaður fyrir efnissölu úr nánum eða hafi sé staðbundinn á meðan innflutningur og heildsala á sementi sé landið allt. Framleiðslumarkaður virðist aftur á móti staðbundinn.
8. Samrunaaðilar starfa báðir á framleiðslumarkaði en hafa viðveru á sitt hvoru svæðinu á landinu, þ.e. Hornsteinn á suðvesturhorni landsins en Mól og sandur um og í kringum Akureyri. Af þeim sökum telja samrunaaðilar að áhrifa samrunans muni ekki gæta á framleiðslumarkaði þar sem skörunin sé engin, enda félögin starfandi á sitt hvoru landsvæðinu í steypuframleiðslu. Áhrif samrunans séu því að mati samrunaaðila einkum lóðrétt, þar sem Hornsteinn, í gegnum dótturfélag sitt Sementsverksmiðjuna, selji aðföng til steypuframleiðenda á Norðurlandi. Þeir markaðir þar sem áhrifa gætir séu því annars vegar steypuframleiðslumarkaðurinn á Norðurlandi, eða svæði sem afmarkast við Akureyri og nærsvæði, og hins vegar markaður fyrir innflutning og sölu á sementi.
9. Samkeppniseftirlitið telur að hér sé um að ræða fyrst og fremst lóðréttan samruna þar sem að samrunaaðilar eru ekki beinir keppinautar við framleiðslu á steypu, en Mólur og sandur hefur verið viðskiptavinur Hornsteins. Megin keppinautar samrunaaðila á Norðurlandi, Steypustöð Akureyrar, kaupir sement frá Aalborg Portland sem er meginkeppinautar Hornsteins við innflutning og heildsölu á sementi hérlendis. Fyrirliggjandi upplýsingar og gögn gefa ekki til kynna að slík skaðleg áhrif leiði af samrunanum miðað við núverandi markaðsaðstæður á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir, að viðskiptin raski líklega samkeppni með umtalsverðum hætti vegna lóðréttu stöðunnar að framan. Í þessu sambandi er m.a. haft í huga að Hornsteinn lýtur skilyrðum skv. ákvörðunum nr. 9/2012 og 20/2014, sem m.a. kveða á um almennt bann við mismunun viðskiptavina, almennt bann við sölusynjun gagnvart samkeppnisaðilum ásamt fleiri atriðum. Þá var óskað eftir umsögnum frá markaðsaðilum á Akureyri í málin sem gerðu engar athugasemdir við samrunann.
10. Að öllu framangreindu virtu var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að hvorki væri ástæða til frekari rannsóknar né nauðsynlegt að aðhafast vegna þessa samruna. Lauk því meðferð málsins á fyrsta fasa samrunarannsóknar hinn 21. maí 2024 líkt og áður greindi.

Ákvörðunarorð:

„Samruni Eignarhaldsfélagsins Hornsteins ehf. og M og S ehf. gegnum HSTN ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í málinu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

³ Sjá t.d. ákvörðun nr. 9/2012 Yfirtaka *BMV Holding ehf. á BM Vallá ehf.* og ákvörðun nr. 20/2014 Yfirtaka *Hornsteins ehf. á BM Vallá ehf., Björgun ehf. og Sementsverksmiðjunni ehf.*